AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRA 2003-2015

ÁGÚST 2007

STAÐFEST AÐALSKIPULAG

STAÐFEST 20 október 2005, síðast breytt janúar 2006

M. 1:100 000



TILLAGA AÐ BREYTINGU

M. 1:100 000

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra þann ______________

____

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann ______________

________________________ ________________________

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þann ________________

________________________ ________________________



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRA 2003-2015, (smækkuð mynd)

SKÝRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- MÖRK HÁLENDISSKIPULAGS
- MÖRK ÞÉTTBÝLIS
- MÖRK SÉRUPPDRÁTTA AF KIRKJU-LÆKJARKOTI OG SKÓGUM Í GREINARGERÐ
- ÞÉTTBÝLI
- ÍBÚÐARSVÆÐI -SVEITIN
- SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR -SVEITIN
- VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI -ÞÉTTBÝLI, SVEITIN
- VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI -HÁLENDIÐ
- ATHAFNASVÆÐI -SVEITIN
- IÐNAÐARSVÆÐI -SVEITIN
- HAFNARSVÆÐI
- EFNISTÖKUSVÆÐI
- SORPFÖRGUNARSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ -SVEITIN
- SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ -HÁLENDIÐ
- OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- SKÓGRÆKT -SVEITIN
- TJALDSVÆÐI
- ÍÞRÓTTASVÆÐI
- KIRKJUGARÐAR
- HESTHÚSAHVERFI
- BLÖNDUÐ LANDNOTKUN
- ÓBYGGÐ SVÆÐI
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI -TÚN, EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- VÖTN, ÁR OG SJÓR
- NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI -FRIÐLÝST SVÆÐI
- NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI -SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ
- HVERFISVERNDARSVÆÐI
- VATNSVERNDARSVÆÐI -BRUNNSVÆÐI
- VATNSVERNDARSVÆÐI -GRANNSVÆÐI
- VATNSVERNDARSVÆÐI -FJARSVÆÐI
- FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR
- HVERFISVERNDARSVÆÐI -ÞEKKTAR FORNMINJAR
- STOFNVEGIR
- TENGIVEGIR
- FJALLVEGIR
- AÐRIR VEGIR -EINGÖNGU TIL SKÝRINGAR
- MEGIN REIÐLEIÐIR
- MEGIN GÖNGULEIÐIR
- VATNSVEITA -STOFNLÖGN
- HITAVEITA -STOFNLÖGN
- RAFVEITA -STOFNLÍNA, LOFTLÍNA
- RAFVEITA -STOFNLÍNA, Í JÖRÐ
- FJARSKIPTI -STOFNLÖGN LJÓSLEIÐARA

Grunnkort er IS 50V gagnagrunnur Landmælinga Íslands, útgefið 2003. Kortagrunnur við ósa Markarfljóts uppfærður 2006.

Hnitakerfi: Isnet.
Hæðarkerfi: Meðalsjávarhæð.
Hæðarlínubil: 20 M.

Hafnarsvæði í Bakkafjöru
Tengivegur að Bakkafjöruhöfn
Efnistökusvæði í Seljalandsheiði undir Vestur-Eyjafjöllum og úr Markarfljótsaurum
Frístundabyggð í Fljótshlíð

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI

Lýsing breytinga

Sveitarstjórn Rangárþings eystra leggur til að aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015 verði breytt vegna áforma um byggingu Bakkafjöruhafnar, tengivegar þangað, efnistöku í Seljalandsheiði undir Eyjafjöllum og í Markarfljótsaurum vegna framkvæmdarinnar og áforma um aukna frístundabyggð í Fljótshlíð. Afmörkun hverfisverndarsvæðis H10 breytist þar sem kortagrunnur er uppfærður og ósar Markarfljóts eru í raun 2 km austar en gildandi aðalskipulagsuppdráttur sýnir og færast suðvestur mörk verndarsvæðis sem því nemur.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á skipulagsuppdrætti

Afmarkað er á skipulagsuppdrætti hafnarsvæði H1 í Bakkafjöru sem skilgreint er í núgildandi aðalskipulagi sem landbúnaðarsvæði og sjór. Suðvestur mörkum hverfisverndarsvæðis H10 er breytt (var 6.090 ha verður 5.940 ha). Skilgreindur er nýr tengivegur frá Þjóðvegi nr 1 meðfram Markarfljótsaurum að vestan að Bakkafjöruhöfn, 11,2 km að lengd, tengivegur nr 253 er framlengdur um 2,2 km að nýja tengiveginum og reiðleið er færð og liggur vestan tengivegarins. Umrædd vegstæði eru á skilgreindu landbúnaðarsvæði og hverfisverndarsvæði í núgildandi aðalskipulagi. Sett er inn tákn, N39 fyrir efnistöku í Seljalandsheiði undir Vestur-Eyjafjöllum en í núgildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði og hverfisverndað. Sett eru inn tákn N40 fyrir efnistöku á Markarfljótsaurum en svæðið er skilgreint landbúnaðarsvæði og hverfisverndað í núgildandi aðalskipulagi. Sett eru inn tákn N41-N42 fyrir efnistöku á Markarfljótsaurum en svæðin eru skilgreind landbúnaðarsvæði, hverfisvernduð og eru á náttúruminjaskrá í núgildandi aðalskipulagi. Afmarkað er svæði fyrir frístundabyggð í Háamúla, F28, svæðið er skilgreint landbúnaðarsvæði skv núgildandi aðalskipulagi.

Kortagrunnur af syðsta hluta ósa Markarfljóts er uppfærður til samræmis við ný myndmælt grunnkort þar sem árfarvegurinn færist tæpa 2 km til austurs. Afmörkun hverfisverndar færist sem því nemur.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á greinargerð

3.6 Landgræðsla, sérstök ákvæði

Nýr texti í lok 2. málsgreinar (við M1):

Landgræðslan hefur kortlagt gróður og landsyfirborð á Landeyjasandi m.a. vegna fyrirhugaðrar Bakkafjöruhafnar. Vinna þarf mikið uppgræðslustarf til að draga úr sandfoki á svæðinu og auðvelda þannig umferð að og frá höfninni. Að lokinni kortlagningu á svæðinu verður unnin áætlun um uppgræðslu sandsins næst gróðurlendinu við Bakkafjöru og í nágrenni fyrirhugaðrar Bakkafjöruhafnar svo hægt verði að hefja uppgræðslu sem fyrst.

3.7.1 Vegakerfi

Breyttur texti í 2. setningu 1. málsgreinar:

Þörf er á lagningu tengivegar frá Þjóðvegi nr 1 meðfram Markarfljótsaurum að vestan að fyrirhugaðri Bakkafjöruhöfn og framlengingu tengivegar nr 253 (Bakkavegar) í austurátt að nýja tengiveginum.

3.7.4 Jarðgöng

Breyttur texti:

Á síðustu árum hafa komið fram meðal Vestmannaeyinga kröfur um bættar samgöngur við Eyjar, þ.e. styttri ferðatíma en nú er. Jarðgöng eru einn af þeim kostum sem hafa verið til umræðu og yfirleitt miðað við gangamunna við Kross í Landeyjum. Ekki eru forsendur til að taka afstöðu til jarðganga í þessari aðalskipulagsáætlun. Jarðgöng milli lands og Eyja, ef af verður, krefjast breytingar á aðalskipulagi.

3.7.5 Hafnir

Málsgrein fellur öll út, í stað kemur nýr texti:

Bakkafjöruhöfn hefur á síðustu árum verið á rannsóknastigi og er nú talin raunhæfur kostur til að bæta samgöngur milli lands og Vestmannaeyja. Með slíkri höfn batna samgöngur milli lands og Eyja verulega en áætlað er að ferðatími milli Bakkafjöru og Heimaeyjar verði um 30 mínútur. Tekist hefur að finna stað fyrir höfnina með tilliti til skjóls og staðsetningar gagnvart sandrifi utan strandarinnar og þróa heppilega innsiglingu sem er nægilega örugg fyrir ferjusiglingar. Um er að ræða dæmigerða höfn við sandströnd, sem varin er með bogadrengnum brimvarnargörðum úr grjóti (bermugörðum). Byggðir verða tveir um 600 m langir brimvarnargarðar (bermugarðar) út frá ströndinni. Byggður verður fyrirstöðugarður með fram Markarfljóti og vegslóði frá fyrirhugaðri höfn eftir fyrirstöðugarði að brú sem gerð verður til bráðabirgða yfir Markarfljót og þaðan lagður bráðabirgðavegur að grjótnámu. Bráðabirgðamannvirki eru ekki sýnd á aðalskipulagsuppdætti.

3.8. Hafnarsvæði

Númer kafla á eftir breytist

Nýr kafli:

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Eitt svæði er skilgreint sem hafnarsvæði í sveitarfélaginu. Það er svæði H1 í Bakkafjöru, um 50 ha að stærð, þar sem gert er ráð fyrir ferjuhöfn með áætlunarsiglingum milli lands og Vestmannaeyja. Einnig er þar gert ráð fyrir geymsluaðstöðu svo og annarri starfsemi sem hugsanlega fylgir í kjölfar hafnargerðarinnar og samrýmist ofangreindum ákvæðum um landnotkun á hafnarsvæðum.

3.9 Efnistökusvæði

Breytt númer á kafla.

Breyttur texti í síðustu setnignu 2. málsgreinar.

Miðað er við að engin náma á skipulagssvæðinu verði stærri en 50.000 m ² eða 150.000 m³ að undanskildum námunum í Seljalandsheiði (N39) þar sem áætlað grjótnám er 500.000 m³ og í Markarfljótsaurum (N40) þar sem áætlað efnismagn er um 200.000 m³.

Við töflu bætist efnistökusvæðið N39, grjótnáma í Seljalandsheiði og efnistökusvæðim N40-N42, malarnáma í Markarfljótsaurum:

Nr	Heiti	Tegund námu
N39	Seljalandsheiði	Grjótnáma
N40	Markarfljótsaurar	Malarnám (áreyrar)
N41	Markarfljóstaurar	Malarnám (áreyrar)
N42	Markarfljóstaurar	Malarnám (áreyrar)

4.2.2 Svæði fyrir frístundabyggð

Við töflu bætist frístundasvæði F28. Samtala í neðstu línu breytist. Tafla að öðru leyti óbreytt

Nr	Heiti	Staðsetning	Fj. lóða	Stærð ha	Staða
N28	Háimúli*	Fljótshlíð	29	148	
Samtals			**ca 565**		

Umhverfisáhrif

Hluti umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni, dags 8 ágúst 2007.

Umhverfismat hafnarsvæðis við Bakka

Tillagan gerir ráð fyrir hafnarsvæði við Bakka í Austur-Landeyjum. Siglingastofnun hefur undanfarin ár skoðað möguleika á byggingu Bakkafjöruhafnar. Tekist hefur með rannsóknum að staðsetja þá höfn með tilliti til skjóls og staðsetningar gagnvart sandrifi utan strandarinnar og þróa heppilega innsiglingu sem er nægilega örugg fyrir ferjusiglingar. Talið er að efnisburður sé í lágmarki á þeim stað sem höfninni var valinn staður samkvæmt tillögunni. Athuganir benda til þess að rekstrarkostnaður hafnarinnar vegna grynninga af völdum efnisburðar verði hóflegur. Eru ekki sýnilegir neinir tæknilegir meinbugir á byggingu Bakkafjöruhafnar og að halda úti ferju á siglingaleiðinni milli lands og Eyja með fullu öryggi og frátöfum innan viðmiðunarmarka.

Bygging Bakkafjöruhafnar er ekki talin hafa áhrif á loftgæði nema óverulega þar sem siglingaferðir verða styttri á ferjum sem menga minna en núverandi ferja sem siglir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Bílaumferð um sveitarfélagið mun eitthvað aukast en flugferðum frá Bakka líklega fækka.

Um er að ræða sjónræn áhrif á strandsvæðið. Staðið verður að uppgræðslu til að hefta sandfok í nágrenni hafnarsvæðisins sem er mikil bót fyrir svæðið næst höfninni. Landið ofan hafnar verður bundið (ræktað) og mun það eitthvað hækka, þó óverulega. Á síðari stigum framkvæmdarinnar verða umhverfisáhrif grjótgarðanna sem höfnin er gerð úr skoðuð nánar.

Hér er um að ræða verulegar samgöngubætur milli lands og Vestmannaeyja og mun þeirra gæta á jákvæðan hátt fyrir bæði samfélögin, Rangárþing eystra og Vestmannaeyjar. Samgöngur við Vestmannaeyjar eru með þeim hætti að verði ekki bætt úr á því sviði mun það geta haft mikil neikvæð áhrif á byggðina í Eyjum með tilheyrandi afleiðingum fyrir atvinnulíf og þjónustu.

Viðvera ferðamanna mun aukast í Rangárþingi eystra, sem skilar auknum tekjum og stærra hagkerfi, og verða þjóðhagsleg áhrif því jákvæð ef af framkvæmdum verður. Atvinnutækifærum fjölgar þar sem atvinnustaðir tengjast, aukin ferðatíðni sem eykur þjónustu og viðskipti og nýjir möguleikar skapast. Búast má við fjölgun íbúa og þar af leiðandi aukinni eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði. Einnig mun framkvæmdin bæta aðgengi að útivist við ströndina í Austur-Landeyjum.

Skv. svæðisskráningu Fornleifastofnunar Íslands eru ekki skráðar fornleifar á því svæði sem Bakkafjöruhöfn er fyrirhuguð.

Stefna sveitarstjórnar í samgöngum þar sem segir að lögð skuli áhersla á bættar samgöngur styður áætlun um byggingu Bakkafjöruhafnar. Samgönguáætlun 2007-2018 gerir ráð fyrir samgöngum milli lands og Vestmannaeyja frá Bakkafjöru.

Áætlun um byggingu Bakkafjöruhafnar kallar á gerð deiliskipulags af svæðinu.

Ef ekki verður að byggingu Bakkafjöruhafnar (svokallaður núllkostur) munu þeirra áhrifa sem hér hafa verið talin upp ekki gæta í sveitarfélaginu, og landnotkun verður óbreytt í Bakkafjöru og á Markarfljótsaurum auk þess sem aðgengi að ströndinni og aurunum verður ekki bætt.

Niðurstaða sveitarstjórnar Rangárþings eystra er að bygging Bakkafjöruhafnar mun hafa mjög jákvæð áhrif í sveitarfélaginu og í Vestmannaeyjum og mun breyting á aðalskipulagi taka mið af því. Auk þess styður bygging Bakkafjöruhafnar þær áætlanir sem settar eru fram í Samgönguáætlun 2007-2018 um samgöngur milli lands og Vestmannaeyja.

Umhverfismat vegakosta

Til skoðunar voru þrír kostir að vegstæði milli Bakkafjöruhafnar og þjóðvegakerfisins. Tveir kostir voru frá tengivegi nr 252 niður að fyrirhuguðu hafnarsvæði, sitt hvorum megin við Bakkaflugvöll, og einn kostur frá þjóðvegi nr. 1 meðfram Markarfljótsaurum.

Veglagning frá núverandi tengivegi austan eða vestan Bakkaflugvallar hefði í för með sér minni röskun á náttúrulegu landslagi en ný veglagning. Aftur á móti yrði umferð beint um Landeyjarnar með tilheyrandi ónæði gagnvart núverandi byggð og slysahættu þar sem mörg gatnamót og heimkeyrslur eru á leiðinni. Þó má ætla að samgöngur fyrir núverandi byggð í Landeyjum munu batna, óverulega þó, og þau umferðarmannvirki sem þar eru, verða betur nýtt. Áhrif verða einhver á byggðamynstur við veginn.

Gerð nýs vegar meðfram Markarfljótsaurum er betri út frá umferðaröryggi en vegtenging við núverandi vegakerfi Austur-Landeyja, þar sem aðrir vegir tengjast ekki við hann. Að sama skapi hlífir vegur meðfram Markarfljótsaurum byggðinni í Landeyjum við umferð. Hann mun opna aðgengi að landi vestan við Markarfljót en jafnframt skerðir veglagningin landslagsheildina. Kostnaður við lagningu nýs vegar meðfram Markarfljótsaurum er meiri en ef farið væri frá núverandi tengivegi við Bakkaflugvöll.

Áhersla hefur verið lögð á að vegur meðfram Markarfljótsaurum skerði sem minnst það viðkvæma svæði sem hann fer um en svæðið er bæði á náttúruminjaskrá (nr. 719) og hverfisverndað skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins (nr H10). Á náttúruminjaskrá eru Tjarnir og Tjarnanes vegna gróðurs og dýralífs, mólendi og votlendi og mikils fuglavarps. Austurmörk svæðisins liggja um Markarfljót og að vestan um Ála. Sömu ástæður liggja að baki hverfisverndinni en með henni var reynt að leiðrétta mörk þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá miðað við votlendi og lífríki svæðisins. Bent er þó á að svæðið er þegar raskað að einhverju marki en um það liggur vegslóði. Ljóst er að lagning vegar um svæðið hefur áhrif á yfirborðsvatn, land (jarðmyndanir og jarðveg) og vistkerfi og verða þau metin betur á síðari stigum framkvæmdarinnar.

Skv. svæðisskráningu Fornleifastofnunar Íslands eru ekki skráðar fornleifar á því svæði sem vegstæðin eru áætluð. Frekari athugun á fornleifum mun fara fram á síðari stigum framkvæmdarinnar.

Allir þessir þrír möguleikar á lagningu vegar kalla á byggingu varnargarða meðfram Markarfljóti sem verja vegi gagnvart flóðum í Markarfljóti. Önnur hætta (náttúruvá) er ekki talin steðja að vegum. Þá mun tímabundin atvinna skapast í sveitarfélaginu vegna framkvæmda.

Áætlun um veglagningu, óháð því hver þeirra verður fyrir valinu, kallar ekki á gerð deiliskipulags.

Samanburður við núllkost í umfjöllun um vegáætlun er sambærilegur því að ekki verði af byggingu Bakkafjöruhafnar og því vísað í núllkost umhverfismat hafnarsvæðisins.

Niðurstaða sveitarstjórnar Rangárþings eystra er að bygging nýs vegar meðfram Markarfljótsaurum þykir betri kostur en tenging við vegakerfi Austur-Landeyja. Ekki er talið líklegt að framkvæmd áætlunarinnar hafi í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif. Breyting á aðalskipulagi mun taka mið af vegi meðfram Markarfljótsaurum.

Umhverfismat efnistöku

Í tengslum við byggingu Bakkafjöruhafnar og lagningu vegar að höfninni þarf að opna fyrir efnistöku í Seljalandsheiði undir Eyjafjöllum og á Markarfljótsaurum.

Efnistaka í Seljalandsheiði undir Vestur Eyjafjöllum

Leit að hentugu grjótnámi fyrir brimvörn á Bakkafjöru hefur staðið yfir í nokkur ár og bentu frumrannsóknir til þess að finna mætti heillega klöpp fyrir brimvarnir í jarðlögum Eyjafjalla. Efnistökusvæðið í Seljalandsheiði er klöpp, u.þ.b. 4 ha að stærð og er áætluð efnistaka um 500.000 m³. Áhrif þess á umhverfið eru minniháttar og mjög staðbundin. Áætlað er að flytja efnið niður að hafnarsvæðinu meðfram Markarfljótsaurum, undir Markarfljótsbrú, og því mun akstur efnisins ekki hafa áhrif á þjóðveg nr 1. Um verður að ræða tímabundna atvinnu við framkvæmdina og áhrif á verslun og þjónustu í sveitarfélaginu mun aukast í samræmi við það. Núverandi vegslóði upp hlíðina verður lagfærður þannig að aðgengi almennings að Seljalandsheiði batnar verulega.

Fyrirhuguð efnistaka er á opnu óbyggðu svæði og hverfisverndarsvæði H3. Sameiginlegt í skilgreiningu beggja flokkana er að um er að ræða opin svæði ætluð til almennrar útivistar þar sem mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki. Á svæðunum er helst um að ræða hálendisvegi, reiðvegi, merktar gönguleiðir og fjallaskála. Auk þess er hluti hverfisverndarinnar vegna fjölbreytts landslags, fuglalífs og gróðurfars við fjallsbrúnir umhverfis Eyjafjallajökul. Ekki er talið að fyrirhuguð efnistaka hafi mikil áhrif á landslag, gróðurfar (klöpp) og fuglalíf en þau áhrif verða metin á síðari stigum.

Skv. svæðisskráningu Fornleifastofnunar Íslands eru ekki skráðar fornleifar þar sem efnistaka er áætluð. Frekari athugun á fornleifum mun fara fram á síðari stigum framkvæmdarinnar.

Áætlun um efnistöku kallar ekki á gerð deiliskipulags af svæðinu.

Ef ekki verður að efnistökunni í Seljalandsheiði verður að sækja efnið annað, væntanlega um þjóðvegi landsins með tilheyrandi álagi á vegakerfið. Slíkur efnisflutningur mun verða dýrari.

Niðurstaða sveitarstjórnar Rangárþings eystra er að umhverfisáhrif efnistöku séu ásættanleg og betri kostur en að leita út fyrir sveitarfélagið að efni. Ekki er talið líklegt að framkvæmd áætlunarinnar hafi í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif. Aðalskipulagsbreytingin mun taka mið af því.

Efnistaka á Markarfljótsaurum

Efnistaka á Markarfljótsaurum er ekki ný af nálinni, nokkrar námur eru þar. Efnistaka á Markarfljótsaurum er áætluð um 200.000 m³.

Efnistaka úr áreyrum er þess eðlis að efnið endurnýjar sig og efnistakan skilur ekki eftir sig varanleg ummerki. Áhrif hennar eru því óveruleg. Efnistakan er á svæði sem er hverfisverndað vegna mikilvægra búsvæða fugla skv aðalskipulagi sveitarfélagsins, merkt H10. Ákvæði hverfisverndarinnar kveða m.a. á um að framræsla votlendis á svæðunum er óheimil og halda skuli byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

Umrædd framkvæmd rúmast innan ákvæða hverfisverndarinnar líkt og önnur efnistaka sem leyfð er innan þessarrar hverfisverndar.

Skv. svæðisskráningu Fornleifastofnunar Íslands eru ekki skráðar fornleifar þar sem efnistaka er áætluð. Frekari athugun á fornleifum mun fara fram á síðari stigum framkvæmdarinnar.

Áætlun um efnistöku kallar ekki á gerð deiliskipulags af svæðinu.

Ef ekki verður að efnistöku á Markarfljótsaurum verður að sækja efnið annað, væntanlega um þjóðvegi landsins með tilheyrandi álagi á vegakerfið. Slíkur efnisflutningur mun verða dýrari.

Niðurstaða sveitarstjórnar Rangárþings eystra er að umhverfisáhrif efnistöku á Markarfljótsaurum séu í lágmarki. Ekki er talið líklegt að framkvæmd áætlunarinnar hafi í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif. Breyting á aðalskipulagi mun taka mið af því.

Umhverfismat heildaráhrifa allra áætlananna

Umhverfisáhrif allra áætlananna (samlegðaráhrif) eru einna helst sú samgöngubót sem áætlanirnar fela í sér milli lands og Vestmannaeyja sem leiðir til styttri ferðatíma og nýir möguleikar í samvinnu sveitarfélaganna skapast. Umferð á þjóðvegum um sveitarfélagið mun aukast og ætti sveitarfélagið í framtíðinni að huga að almenningssamgöngum milli Bakkafjöruhafnar og Hvolsvallar.

Neikvæð umhverfisáhrif af áætlununum gætir einna helst í lagningu tengivegar að Bakkafjöruhöfn og grjótnámi í Seljalandsheiði. Eins og fram hefur komið verða umhverfisáhrif þessara framkvæmda metin á síðari stigum og í tenglsum við hönnun mannvirkja þar sem leitast verður við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif þeirra.

Áætlanir um framkvæmdirnar allar skapa tímabundna atvinnu í sveitarfélaginu með aukinni eftirspurn á verslun og þjónustu allskonar.

Önnur skipulagsgögn: Umhverfisskýrsla með aðalskipulagsbreytingunni, dags 8. ágúst 2007

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí.
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 101 REYKJAVÍK
SÍMI 552-8740 FAX 562-8740
NETFANG: TEIKNA@TEIKNA.IS

RANGÁRÞING EYSTRA			
AÐALSKIPULAG	TILLAGA AÐ BREYTINGU	VERK 06-729	BLAÐ 001
HANNAÐ	TEIKNAÐ hs	REYKJAVÍK 2007-08-08	
KVARÐI 1: 100.000		BREYTT	